

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Kolbeini Óttarssyni Proppé um rannsóknarleyfi og virkjanaleyfi.

1. *Hversu mörg rannsóknarleyfi á vatnsaflsvirkjunum hefur Orkustofnun gefið út síðastliðin tíu ár, sundurliðað eftir árum, afli virkjanakosta og landsvæðum ásamt samanlögðu heildarafli allra virkjanakosta?*

Meðfylgjandi svör byggjast á upplýsingum frá Orkustofnun. Á árunum 2009–2018 hefur Orkustofnun gefið út alls 40 rannsóknarleyfi á virkjunarkostum í vatnsafl og þar af eru fimm leyfi framlenging á eldri leyfum. Orkustofnun bendir á að við útgáfu rannsóknarleyfa liggur ekki í öllum tilvikum fyrir hvert mögulegt uppsett afl virkjana kann að verða. Oft eru í umsóknum um rannsóknarleyfi gefnar upp hugmyndir að mögulegri stærð virkjunarkosta, sem ætlunin er að rannsaka, en það kann að taka breytingum á grundvelli rannsóknanna. Varðandi nánari sundurliðun er vísað til meðfylgjandi töflu um útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafl (fylgiskjal I).

2. *Hversu mörg virkjanaleyfi hefur Orkustofnun gefið út síðastliðin tíu ár, sundurliðað eftir árum, afli virkjana og landsvæðum ásamt samanlögðu heildarafli allra virkjanakosta?*

Á árunum 2009–2018 voru gefin út tvö virkjanaleyfi fyrir vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl yfir 10 MW, þ.e. fyrir Mjólkárviðvirðun í Arnarfirði (12,05 MW) og Búrfellsvirkjun 2 (100 MW). Á sama tímabili voru gefin út 17 virkjunarleyfi fyrir vatnsaflsvirkjanir með uppsett afl allt að 10 MW. Sundurliðun á virkjunarleyfum undir 10 MW, sem gefin voru út á árunum 2009–2018, er að finna í fylgiskjali II. Heildarafl allra virkjunarleyfa í vatnsafl sem gefin voru út á þessu tímabili er um 140 MW.

3. *Hverjir eru handhafar útgefinna leyfa sem spurt er um í 1. og 2. lið?*

Í fylgiskjöllum I og II er að finna upplýsingar um handhafa útgefinna rannsóknar- og virkjanaleyfa á tímabilinu 2009–2018.

4. *Er ráðherra kunnugt um hversu mörg útgefinna leyfa hafi leitt til framkvæmda?*

Báðar vatnsaflsvirkjanirnar með uppsett afl yfir 10 MW hafa verið gangsettar, í samræmi við útgefin leyfi. Þau 17 virkjunarleyfi sem veitt hafa verið á tímabilinu 2009–2018 fyrir vatnsaflsvirkjanir minni en 10 MW hafa öll leitt til framkvæmda.

5. *Er ráðherra kunnugt um hversu mörg rannsóknarleyfi hafa verið gefin út vegna virkjanakosta sem ekki hafa sætt mati samkvæmt rammaáætlun? Telur ráðherra að grundvöllur sé fyrir því að gefa út slík leyfi falli virkjanakostir að stærð og gerð undir rammaáætlun en hafi ekki sætt mati samkvæmt henni og hver er þá rökstuðningurinn fyrir því?*

Orkustofnun hefur veitt sex rannsóknarleyfi vegna virkjunarkosta sem ekki hafa sætt mati samkvæmt rammaáætlun. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýti-

ingaráætlun, er heimilt að „veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum“. Í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur fram að „virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar“. Lög nr. 48/2011 gera því ráð fyrir að heimilt sé að veita rannsóknarleyfi vegna virkjanakosta sem ekki hafa sætt mati samkvæmt rammaáætlun, með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. og 4. mgr. 5. gr. laganna. Um nánari rökstuðning fyrir því má vísa til eftirfarandi umfjöllunar um 5. gr. frumvarpsins í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 48/2011:

„Hvað rannsóknir snertir er hins vegar mikilvægt að unnt sé að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á til að ákveða í hvaða flokk viðkomandi virkjunarkostir eiga að falla. ... Takmarkanir á heimildum til rannsókna eiga því ekki að koma í veg fyrir að tekin sé afstaða til þess hvort virkjunarkostur falli í verndar- eða nýtingarflokk. Séu slíkar rannsóknir ekki tilkynningar-skyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er Orkustofnun heimilt að veita leyfi til rannsókna á grundvelli laga nr. 57/1998.“

Fylgiskjöl:

1. Listi yfir útgefin rannsóknarleyfi í vatnsafla frá 2009–2018.
2. Listi yfir útgefin virkjanaleyfi í vatnsafla frá 2009–2018, með uppsett afl allt að 10 MW.

Fylgiskjal I.

Svæði	Lýsing á rannsóknarleyfi	Leifshafi	Útgefið	Afl (kW)
Hölmásá í Skaftártungu	Rannsóknarleyfi á vatnasviði Hölmásár í Skaftártungu. Leiðrétting á rannsóknarleyfi á vatnasviði Hölmásár	Landsvirkjun	21.08.2009	
Skaftá og Tungufliót	Leyfi til rannsókna á vatnasviðum Skaftár og Tunguflióts í Skaftártungu	Suðuroorka ehf.	08.07.2010	
Ölfusá við Selfoss	Leyfi til rannsókna á vatnasviði Ölfusár við Selfoss sem og á afmörkuðum svæðum á landi	Selfossveitur bs.	01.12.2010	
Svartá í Bárðardal	Leyfi til rannsókna á vatnasviði Svartár í Bárðardal	SSB ehf.	08.11.2011	8.800
Hágöngur	Rannsóknarleyfi á vatnasviði við Hágöngulón á Holtamannafrétti	Landsvirkjun	12.03.2012	
Stóra Laxá	Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða - og Gnúpverjahreppi	Landsvirkjun	01.08.2012	30.000
Búðartunguvirkjun	Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um Búðartunguvirkjun í Hvítá í Árnessýslu	Íslensk vatnsorka hf. Hagavatnsvirkjun ehf.	01.02.2013	50.000
Hagavatnsvirkjun	Rannsóknarleyfi á vatnasviði Farsins við Hagavatn	Íslensk vatnsorka hf.	01.02.2013	20.000
Hagavatnsvirkjun	Framlenging á rannsóknarleyfi Íslenskrar vatnsorku hf. (áður Hagavatnsvirkjun ehf.) vegna áforma um Hagavatnsvirkjun	Íslensk vatnsorka hf.	02.01.2013	18.000
Skjálfaðalfliót	Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun á efri hluta vatnasviðs Skjálfaðalflióts í Þingeyjarsveit	Landsvirkjun	19.06.2013	
Tungufliót	Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun í Tunguflióti, Biskupstungum, Bláskógabyggð	HS Orka hf.	01.06.2014	9.000
Skúfnavatnavirkjun	Ísafjarðardjúp í Strandahreppi	VesturVerk ehf.	31.03.2015	
Skúfnavatnavirkjun	Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. á vatnasviði Þverár	VesturVerk ehf.	31.03.2015	
Hvalárvirkjun	Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árnesahreppi	VesturVerk ehf.	31.03.2015	55.000
Hvalárvirkjun	Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði	VesturVerk ehf.	31.03.2015	55.000
Hvalárvirkjun	Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði	VesturVerk ehf.	31.03.2015	55.000
Austurgilsvirkjun	Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Austurgilsvirkjun á vatnasviði Selár við Ísafjarðardjúp	Austurgilsvirkjun ehf.	01.04.2015	
Hafnardsá	Ísafjarðardjúp í Strandabyggð	Dagur Jónsson	12.08.2015	1.000
Hafnardsá	Framlenging á rannsóknarleyfi Orkubús Vestfjarðar ohf. og Þórdísar Þjarnadóttur á vatnasviði Hafnardsalsár á Langadalströnd	Dagur Jónsson	14.01.2019	
Dimmugjúfursvirkjun	Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Dimmugjúfursvirkjun á vatnasviði Hafnaldalsár í Svalbörðshreppi og Langanesbyggð	Arctic Hydro ehf.	10.03.2016	
Hvanneyrardalsvirkjun	Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Hvanneyrardalsvirkjun við Ísafirði í Suðvikurhreppi	VesturVerk ehf.	15.03.2016	15.000
Djúpárvirkjun	Rannsóknarleyfi vegna áætlana um Djúpárvirkjun á vatnasviði Djúpár í Skaftárhreppi	Arctic Hydro ehf.	04.04.2016	35.000

Svæði	Lýsing á rannsóknarlýfi	Leyfishafi	Útgefið	Afl (kW)
Hundsá og Hestá	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um virkjun Hundsár og Hestár við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurhreppi	VesturVerk ehf.	05.04.2016	17.000
Hamarsá	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um 30-70 MW virkjun á vatnasviði Hamarsár í Djúpvogshreppi	Arctic Hydro ehf.	09.05.2016	70.000
Selá	Rannsóknarlýfi vegna rennismælinga á vatnasviði Selár í Ísafjarðarbæ	Dalsorka ehf.	08.06.2016	350
Geitdalsá	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um Geitdalsárvirkjun á vatnasviði Geitdalsár í Fljótsdalsháraði	Arctic Hydro ehf.	03.08.2016	9.900
Geitdalsá	Lýfi til stækkunar á rannsóknarsvæði á vatnasviði Geitdalsár í Fljótsdalsháraði, sbr. áður út gefið rannsóknarlýfi	Arctic Hydro ehf.	19.12.2017	9.900
Fellsá og Kelduá	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um Kiðufellsvirkjun á vatnasviði Fellsár og Kelduár í Fljótsdalshreppi	Arctic Hydro ehf.	03.08.2016	
Kjálkafjörður, Vattarfjörður, Ísafjörður	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um Glámuvirkjun á aðrennissvæði vatna í Kjálkafirði, Vattarfirði og Ísafirði	Orkubú Vestfjarða hf.	29.08.2016	20.000
Skötufjörður	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um Mjólka VI-virkjun vatna á aðrennissvæði Skötufjarðar til Mjólkar	Orkubú Vestfjarða hf.	29.08.2016	6.800
Vatnsfjörður	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um 3ja MW Helluvirkjun í Vatnsfirði í Vesturbýggð	Orkubú Vestfjarða hf.	12.05.2017	3.000
Eyjafjarðarsveit	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um 11, í Eyjafjarðarsveit	Fallorka ehf.	14.07.2017	3.000
Eyjafjarðarsveit	Rannsóknarlýfi vegna áætlana um Kambfellsvirkjanir á vatnasviði Hagár og Hraunár í Eyjafjarðarsveit	Fallorka ehf.	26.09.2017	
Hrunamannahreppur	Rannsóknarlýfi vegna áætlunar um virkjun á efri hluta vatnsviðs Störu-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpsvejahreppi	Landsvirkjun	09.11.2017	
Fljót	Rannsóknarlýfi til handa Orkusölunni ehf. vegna áætlana um Tungudalsvirkjun í Fljótum, Sveitarfélaginu Skagafirði	Orkusalan ehf.	07.05.2018	2.000
Fljótsdalur	Rannsóknarlýfi til handa Orkusölunni ehf. vegna áætlana um Bessastaðaárvirkjun í Fljótsdal	Orkusalan ehf.	09.05.2018	10.000
Hérað	Rannsóknarlýfi til handa Orkusölunni ehf. vegna áætlana um 2-3ja MW Gilsárvirkjun á Héraði	Orkusalan ehf.	09.05.2018	3.000
Fljótsdalshárað	Rannsóknarlýfi til handa Orkusölunni ehf, vegna áætlana um fjögurra MW uppsett afl virkjunar fallvatns frá Ódáðavötnum niður í Suðurdal Skriðdals	Orkusalan ehf.	19.09.2018	4.000
Austur Hérað	Rannsóknarlýfi til handa Orkusölunni ehf, vegna áætlana um virkjun Köldukvíslar á Austur Héraði	Orkusalan ehf.	04.10.2018	2.000
Jökulsárhlið	Rannsóknarlýfi til handa Orkusölunni ehf., vegna áætlana um virkjun Kaldár og Ásdalsár í Jökulsárhlið	Orkusalan ehf.	04.01.2019	5.000

Fylgiskjal II.

Svæði	Lýsing á leyfi	Leyfishafi	Útgefið	Afl (kW)
Nípa í Þingeyjarsveit	Leyfi til að reisa og reka 715 kW Árteigsvirkjun 5	Rafækur ehf.	08.07.2009	715
Árnessýsla	Leyfi til að reisa og reka 295 kW orkuver, Sandárvirkjun	Eyvindartunga ehf.	11.10.2011	295
Öndararfjörður	Leyfi til að reisa og reka allt að 570 kW orkuver, Breiðdalsvirkjun	Orkuvinnslan ehf.	13.08.2012	570
Skógargerði	Leyfi til að reisa og reka vatnsafisvirkjun í Rangá við Skógargerði	Vatnsvirkjun í Skógargerði ehf.	23.01.2012	145
Bugavirkjun	Leyfi til að reisa og reka Bugavirkjun við Eystri Leirárgarða, Hvalfjarðarsveit	Bugavirkjun ehf.	12.02.2012	40
Ólafsvík	Leyfi til að reisa og reka 1800 kW orkuver, Rjúkandavirkjun	Orkusalan ehf.	07.02.2013	1.800
Engidalur í Skutulsfirði	Leyfi til að reisa og reka allt að 1200 kW vatnsafisvirkjun, Fossárvirkjun	Orkubú Vestfjarða hf.	05.09.2014	1.200
Kaldakvísl	Leyfi til að reisa og reka vatnsafisvirkjun í Köldukvísl á Tjörnesi, Tjörneshreppi	Köldukvísl ehf.	20.02.2014	2.800
Gönguskarðsárvirkjun	Leyfi til að reisa og reka Gönguskarðsárvirkjun á Sauðárkróki í Sveitarfélaginu Skagafjörður	Gönguskarðsá ehf.	07.07.2015	1.750
Mosvallavirkjun	Leyfi til að reisa og reka Mosvallavirkjun í Sveigsá, Helgafellssveit	AB-Fasteignir	07.07.2015	890
Brúarvirkjun	Virkjunarleyfi til að reisa og reka 9,9 MW Brúarvirkjun í efri hluta Tungufjóts í Biskupstungum, Bláskógabyggð	HS Orka hf.	24.04.2017	9.900
Kaldárvirkjun	Virkjunarleyfi til að reisa og reka allt að 400 kW Kaldárvirkjun	AB-Fasteignir	26.04.2017	400
Þverárvirkjun	Virkjunarleyfi til að reisa og reka allt að 400 kW Þverárvirkjun	AB-Fasteignir	26.04.2017	400
Glerárvirkjun II	Virkjunarleyfi til að reisa og reka Glerárvirkjun II, Akureyrarbæ	Fallorka ehf.	03.05.2017	3.300
Húsafell	Virkjunarleyfi til að reisa og reka Urðarfellsvirkjun á Húsafelli	Húsafell ehf.	24.05.2017	1.000
Dagverðardalur	Virkjunarleyfi til handa AB - Fasteignir ehf. fyrir Úfísárvirkjun, á Dagverðardal í Ísafjarðarbæ	AB-Fasteignir ehf.	31.05.2018	200
Eyjafjarðará	Virkjunarleyfi Tjarnavirkjunar ehf. fyrir vatnsafisvirkjun í Eyjafjarðará, í Eyjafjarðarsveit	Tjarnavirkjun ehf.	02.03.2019	1.000